

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1083

Dagsetning: 30. september 2025 klukkan 10:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH) sat fundinn undir liðum 1-4, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ), sem sat fundinn undir liðum 2-7, og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 23. september 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Rætt var um fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

4. Staða heilsugæslustöðva

Rætt var um stöðu minnstu heilsugæslustöðva HH. Ákveðið var að hefja samtal með stjórnendum minnstu stöðvanna þar sem markmiðið er að finna leiðir til að fjölga skjólstæðingum.

5. Svæðisstjóraálag

Umræður um afleysingar fyrir svæðisstjóra og hvenær eðlilegt er að fagstjórar sem leysa af svæðisstjóra í lengri fjarveru fái álagsgreiðslur í samræmi við það. Ákveðið var að taka saman frekari gögn og ræða málið aftur þegar þau liggja fyrir.

6. Erindi frá heilbrigðisráðuneytinu

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem HH var boðið að taka þátt í vinnu ráðuneytisins við að laða íslenska lækna sem starfa á Norðurlöndunum til starfa hér á landi. Framkvæmdastjórn ræddi hverjir gætu verið mögulegir fulltrúar HH í ferð til Norðurlandana í október.

7. Fundur um fjármögnunarlíkan

Upplýst var um umræður á fundi um fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar í heilbrigðisráðuneytinu með þátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Aðgerðir og verkefni

- Stilla þarf upp fundi með stjórnendum minnstu heilsugæslustöðvanna, sjá lið 4.
Ábyrgð: BJ
- Taka þarf út gögn um afleysingar svæðisstjóra, sjá lið 5.
Ábyrgð: SJ
- Ræða þarf við mögulega fulltrúa HH í ferð til Norðurlandanna, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:30.